



Borgarráð

Efni: Samningar borgarinnar við innheimtufyrirtæki

Vísað er til fyrirspurnar, dagsett 23. júní sl., frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokksins um samninga borgarinnar við innheimtufyrirtæki.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hvenær byrjaði Reykjavíkurborg að semja við innheimtufyrirtæki vegna skulda borgarbúa? Og ef það var misjafnt milli sviða borgarinnar, er óskað eftir sundurliðun á tímasetningu þess þegar þau hófu að styðjast við innheimtufyrirtæki. Einni ger óskað eftir því hvaða innheimtufyrirtæki borgin hefur stuðst við og hvernig fyrirkomulagið er hjá fyrirtækjum í meirihlutaeigu Reykjavíkur varðandi þessa þætti. Hvernig var innheimtumálum háttað áður en að Reykjavíkurborg samdi við innheimtufyrirtæki? Fór þetta fram innanhúss?“

Fyrirspurnin brotin niður í tvo liði:

- 1. Hvenær byrjaði Reykjavíkurborg að semja við innheimtufyrirtæki vegna skulda borgarbúa? Og ef það var misjafnt milli sviða borgarinnar, er óskað eftir sundurliðun á tímasetningu þess þegar þau hófu að styðjast við innheimtufyrirtæki. Einnig er óskað eftir því hvaða innheimtufyrirtæki borgin hefur stuðst við. Hvernig var innheimtumálum háttað áður en að Reykjavíkurborg samdi við innheimtufyrirtæki? Fór þetta fram innanhúss?**

Ekki er alveg ljóst hvenær fyrstu samningarnir voru gerðir við innheimtufyrirtæki vegna þjónustugjalda Reykjavíkurborgar. Neðangreind tafla sýnir hins vegar hvernig innheimtu var háttað fyrir árið 2007 en þá var innheimta fasteignagjalda flutt frá Tollstjóranum til sveitarfélaga. Reykjavíkurborg gerði þá samning við Momentum um milliinnheimtu þeirra og við Gjaldheimtuna vegna löginnheimtu. Skóla- og frístundasvið var þá með samning við Intrum um milliinnheimtu og Löginnheimtuna um löginnheimtu. Bílastæðasjóður var á sama tíma með samning við Lögræðistofu Sigurðar Þóroddssonar bæði hvað varðar milli- og löginnheimtu. Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar sá um innheimtu annarra gjalda. Á árinu 2010 var farið í útboð á allri milli- og löginnheimtu A-hluta Reykjavíkurborgar og samið við Momentum um milliinnheimtu og Gjaldheimtuna um löginnheimtu. Þessi samningur rann út í lok árs 2017 og því var aftur farið í útboð þá og voru fyrirtækin Momentum og Gjaldheimtan einu fyrirtækin sem lögðu fram tilboð og var samið við þau í kjölfarið til næstu fimm ára með möguleika á framlengingu samnings um tvisvar sinnum tvö ár í senn. Þann 23. júní sl. samþykkti borgarráð að framlengja samninginn við Momentum og Gjaldheimtuna um tvö ár.



	Milliinnheimta		
	<i>Fyrir 2007</i>	<i>Eftir 2007</i>	Eftir 2010
Fasteignagjöld	Tollstjórinn	Momentum	Momentum
SFS	Intrum	Intrum	Momentum
BS	Lögræðistofa Sigurðar Þóroddsonar	Lögræðistofa Sigurðar Þóroddsonar	Momentum
Aðrar kröfur	Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar	Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar	Momentum
	Löginheimta		
	<i>Fyrir 2007</i>	<i>Eftir 2007</i>	Eftir 2010
Fasteignagjöld	Tollstjórinn	Gjaldheimtan	Gjaldheimtan
SFS	Löginheimtan	Löginheimtan	Gjaldheimtan
BS	Lögræðistofa Sigurðar Þóroddsonar	Lögræðistofa Sigurðar Þóroddsonar	Gjaldheimtan
Aðrar kröfur	Gjaldheimtan	Gjaldheimtan	Gjaldheimtan

2. Hvernig er fyrirkomulagið hjá fyrirtækjum í meirihlutaeigu Reykjavíkur varðandi þessa þætti.

Fyrirspurn varðandi fyrirkomulag innheimtumála var send til B-hluta fyrirtækja borgarinnar og má sjá svör þeirra hér að neðan.

Orkuveita Reykjavíkur:

Orkuveita Reykjavíkur annast alla fruminnheimtu krafna og milliinnheimtu gagnvart viðskiptavinum sem eru í viðskiptum við fyrirtæki samstæðu OR (Veitur, Orka náttúrunnar og Ljósleiðarinn). Milliinnheimtu vegna krafna viðskiptavina sem hættir eru í viðskiptum við fyrirtæki samstæðu OR er vísað til Motus og Gjaldheimtunnar til innheimtu. Einnig annast Motus kröfuvakt vegna krafna þar sem öll innheimtuúrræði OR eru tæmd.

Samningur við Motus vegna þess er frá 14. apríl 2016.

Samið var við Momentum um milliinnheimtu vatns- og fráveitugjalda á grundvelli útboðs Reykjavíkur þann 16. september 2010. Samningnum var sagt upp þann 29. september 2017 og milliinnheimta þessara gjalda færð til Orkuveitur Reykjavíkur.

Samið var við Gjaldheimtuna ehf. um löginheimtu allra krafna samstæðu OR þann 16. september 2010 og er sá samningur enn í gildi. Áður hafði löginheimtu verið sinnt skv. samningi við lögræðistofu auk þátttöku lögræðinga OR.

Félagsbústaðir:

Félagsbústaðir hafa átt í viðskiptum við Motus síðan 30. október 1998 vegna innheimtu viðskiptakrafna sem komnar eru fram yfir eindaga. Áður önnuðust Félagbústaðir innheimtu krafnanna. Afskriftir viðskiptakrafna voru talsvert meiri áður en samstarfið við Motus hófst og árangur í innheimtu varð miklu betri.



MSS22060187
Reykjavík, 17. október 2022

Faxaflóahafnir:

Faxaflóahafnir eru ekki með samning við innheimtufyrirtæki. Faxaflóahafnir senda sjálf út innheimtuviðvaranir en sé reikningur ekki greiddur innan 70 daga er hann sendur í innheimtu til lögmanns Faxaflóahafna sem er Magnús Baldursson hjá Lagastoð.

Faxaflóahafnir eru með lögveð í skipum fyrir skipagjöldum og lögveð fyrir lóðaleigu á hafnarsvæðum.

Sorpa:

Sorpa gerði samning um innheimtu við Intrum (seinna Motus) þann 27. október 2010. Þann 9. júní 2016 er gerður samningur við Inkasso og þann 1. janúar 2022 er gerður samningur við Motus um milliinnheimtu og Löginneheimtuna um löginneheimtu. Fyrir þann tíma sá viðskiptabanki Sorpu um innheimtur.

Strætó:

Engar upplýsingar bárust frá Strætó.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins:

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur verið með samning við Momentum fyrir milliinnheimtu frá árinu 2007 en þau hafa ekki nýtt þjónustu þeirra síðastliðin tvö ár. Gjaldheimtan sér um löginneheimtu fyrir þá.

Kröfur á hendur einstaklingum eru ekki sendar áfram í milliinnheimtu þar sem það er mat þeirra að það svari ekki kostnaði.

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs